

151. löggjafarþing 2020–2021.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á ýmsum lögum á sviði matvæla, landbúnaðar og fiskeldis (einföldun regluverks).

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

I. KAFLI

Breyting á lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 4. gr. b. laganna kemur ný grein, 5. gr., ásamt fyrirsögn, er orðast svo:

Skráningarskylda

Ráðherra er heimilt að kveða á um í reglugerð að starfræksla fiskeldisstöðva á landi þar sem hámarkslífmassi er allt að 20 tonn á hverjum tíma og er ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum, sé háð skráningarskyldu í stað útgáfu rekstrarleyfis.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð kröfur, skilyrði og skilmála sem gilda fyrir starfsemi og eru forsenda skráningar, þ.m.t. kröfur um innra eftirlit og skýrslugjöf til Matvælastofnunar og að stofnuninni sé heimilt að framkvæma upplýsingaöflun með rafrænum hætti og skylda skráningaraðila til að skrá upplýsingar í gagnagrunn sem stofnunin leggur til. Aðili, sem er skráningarskyldur skv. 1. mgr., skal skrá starfsemi sína hjá Matvælastofnun og skal stofnunin framkvæma úttekt áður en starfsemi hefst. Óheimilt er að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldisstöð fyrr en úttekt hefur farið fram. Matvælastofnun skal staðfesta skráningu rekstraraðila og leiðbeina honum um hvaða reglur gilda um starfsemi hans.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu “rekstrarleyfishafi” í 1., 4. og 5. mgr. kemur: eða skráningarskyldur aðili skv. 5. gr.

b. Á eftir orðinu “rekstrarleyfishafa” í 2. mgr. kemur: eða skráningarskyldum aðila skv. 5. gr.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

a. Á eftir orðinu “rekstrarleyfishafa” í 1. málsl. 6. mgr. kemur: og skráningarskyldum aðila skv. 5. gr.

b. Á eftir orðinu “rekstrarleyfishafi” í 2. málsl. 6. mgr. kemur: eða skráningarskyldur aðili skv. 5. gr.

4. gr.

Við 14. gr. a. laganna bætist ný málsgrein, er orðast svo:

Við skráningu skv. 5. gr., skal aðili greiða tímagjald skv. gjaldskrá Matvælastofnunar vegna þess kostnaðar sem fellur til við afgreiðslu skráningarinnar. Fyrir úttekt Matvælastofnunar á starfseminni og framkvæmd eftirlits skal greitt tímagjald samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á V. kafla laganna:

a. Við bætist ný grein 16. a, ásamt fyrirsögn, er orðast svo:

Afskráning fiskeldisstöðvar

Matvælastofnun er heimilt að afskrá skráða starfsemi og synja um endurskráningu, verði aðili uppvís að því að vanrækja þær kröfur sem gilda um skráningu eða að brjóta að öðru leyti gegn skilyrðum og skilmálum skráningar. Matvælastofnun ber að senda skráningaraðila tilkynningu um tilefni afskráningar og skal skráningaraðila veittur frestur til andmæla.

b. Fyrirsögn kaflans verður: **Afturköllun rekstrarleyfis og afskráning fiskeldisstöðvar.**

6. gr.

Á eftir orðinu „rekstrarleyfishafi“ í 1. og 2. mgr. 18. gr. laganna kemur: eða skráningarskyldur aðili.

7. gr.

Á eftir orðinu „framleiðsluskýrslum“ í 1. mgr. 19. gr. b laganna kemur: skráningarskyldra aðila og.

8. gr.

A- og b-liður 19. gr. c. laganna orðast svo:

a. afturköllun rekstrarleyfis og ákvörðun Matvælastofnunar um afskráningu,
b. ákvörðun um úrbætur sem unnar eru á kostnað rekstrarleyfishafa eða skráningarskylds aðila,

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. a. laganna:

a. Á eftir orðinu „rekstrarleyfishafi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: eða skráningarskyldur aðili.

b. Á eftir orðinu „leyfishafi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: eða skráningarskyldur aðili.

c. Í stað orðsins „leyfishafa“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: rekstraraðila fiskeldisstöðvar.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. c. laganna:

a. Á eftir orðinu „rekstrarleyfi“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: eða staðfest skráningin skv. 5. gr.

b. Á eftir orðinu „rekstrarleyfis“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: eða staðfestar skráningar.

c. Í stað orðsins „leyfishafa“ í 4. málsl. 1. mgr. kemur: rekstraraðila.

d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Starfsemi án rekstrarleyfis eða staðfestar skráningar*.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. d. laganna:

- a. Í stað orðsins „rekstrarleyfishafa“ í 1. mgr. kemur: aðila.
- b. Á eftir orðinu skv. í 1. tölul. 1. mgr. bætist: 5.,
- c. Við lok 2. tölul. 1. mgr. bætist: eða úttektar skv. 5. gr.
- d. Á eftir orðinu „rekstrarleyfishafa“ í a-lið 3. mgr. kemur: eða skráningarskyldan aðila skv. 5. gr.

12. gr.

Á eftir orðinu „rekstrarleyfishafa“ í 1. mgr. 22. gr. kemur: eða skráningarskylds aðila skv. 5. gr.

II. KAFLI

Breytingar á lögum um innflutning dýra nr. 54/1990, með síðari breytingum.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.

- a. Í stað orðanna „Ráðherra getur, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis“ í 4. mgr. kemur: Matvælastofnun getur.
- b. Orðin „sbr. þó 4. gr. a og 3. mgr. 13. gr.“ falla brott.
- c. Við 4. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Meta skal áhættu af innflutningi og er heimilt að krefja innflytjanda um upplýsingar um heilbrigði, rannsóknir og meðhöndlun dýra eða erfðaefnis og hverjar aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta áhættu innflutnings.

14. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. 4. gr. kemur: Matvælastofnun.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna.

- a. Í stað orðsins „ráðherra“ í 1. mgr. kemur: Matvælastofnun.
- b. Í stað 2. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi: Umsókn um leyfi til innflutnings á framandi lífverum skal afgreidd samhliða umsókn til Umhverfisstofnunar um leyfi til innflutnings á grundvelli laga um náttúruvernd. Þegar Matvælastofnun og Umhverfisstofnun hafa lokið vinnslu umsóknar skal tilkynna umsækjanda um niðurstöður beggja stofnana.

16. gr.

Í stað orðanna „ráðherra er heimilt, ef fyrir liggja meðmæli yfirdýralæknis“ í 14. gr. kemur: Matvælastofnun er heimilt.

III. KAFLI

Breytingar á lögum nr. 60/2013, um náttúruvernd, með síðari breytingum.

17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 63. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo: Óheimilt er að flytja inn og dreifa lifandi lífverum nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Til innflutnings lifandi dýra eða plantna skal jafnframt afla leyfis Matvælastofnunar í samræmi við lög um innflutning dýra, lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim eða lög um sjúkdóma og meindýr í plöntum.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:
Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja inn eftirfarandi lífverur án leyfis Umhverfisstofnunar
 - a. Búfé.
 - b. Framandi plöntutegundir sem hafa verið notaðar til garðyrkju, túnræktar, jarðræktar, landgræðslu og skógræktar.
 - c. Tegundir sem ráðherra hefur ákveðið með reglugerð að flytja megi inn án leyfis, sbr. 5. mgr.

- c. 3. mgr. 63. gr. verður svohljóðandi:

Með umsókn um leyfi skv. 1. mgr. skal fylgja áhættumat sem umsækjandi hefur aflað hjá óháðum aðila og skal þar m.a. koma fram mat á hættu á því hvort viðkomandi lífverur séu ágengar og þeim áhrifum sem það kann að hafa á líffræðilega fjölbreytni. Umsókninni skal jafnframt fylgja greinargerð um þau áhrif sem gera má ráð fyrir að dreifing eða möguleg útbreiðsla hennar hafi á lífríkið og líffræðilegan fjölbreytileika. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um umsóknir og fylgigögn með umsóknum, sbr. 5. mgr.

18. gr.

Á eftir 63. gr. kemur ný grein, sem verður 63. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

Móttaka og afgreiðsla umsókna

Afhenda skal Matvælastofnun umsóknir um leyfi skv. 63. gr. ásamt fylgigögnum. Matvælastofnun skal framsenda umsóknir um innflutningsleyfi fyrir framandi lífverur ásamt fylgigögnum til Umhverfisstofnunar til meðferðar samkvæmt lögum þessum. Umhverfisstofnun metur hvort umsókn um innflutningsleyfi falli undir lög þessi.

Umsókn um leyfi til innflutnings á framandi lífverum skal afgreidd samhliða umsókn til Matvælastofnunar um leyfi til innflutnings á grundvelli laga um innflutning dýra eða laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Hvor stofnun fyrir sig skal tilkynna umsækjanda hvort umsókn teljist fullnægjandi. Þegar Matvælastofnun og Umhverfisstofnun hafa lokið vinnslu umsóknar skal tilkynna umsækjanda um niðurstöður beggja stofnana.

IV. KAFLI

Breyting á lögum nr. 27/2011, um útflutning hrossa, með síðari breytingum.

19. gr.

Orðin „frá Bændasamtökum Íslands“ í 1. mgr. 5. gr laganna falla brott.

20. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

V. KAFLI

Breyting á lögum nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. 1. málsl. 3. mgr. verður svohljóðandi: Starfsleyfi sem kveðið er á um í 2. mgr. eru gefin út án tímabindingar.
- b. Orðin “áður en gildistími þess er liðinn” í 4. málsl. 3. mgr. falla brott.

22. gr.

2. mgr. 5. gr. fellur brott.

VI. KAFLI

Breyting á lögum nr. 55/2013 um velferð dýra, með síðari breytingum.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna

- a. 1. málsl. 1. mgr. verður svohljóðandi: Ráðherra skipar fagrað um velferð dýra og er skipunartími þess þrjú ár.
- b. 3. málsl. 1. mgr. 5. gr. fellur brott.
- c. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Yfirdýralæknir er formaður fagraðsins.

VII. KAFLI

Breyting á lögum nr. 68/2006 um stofnun Matvælarannsóknna hf., með síðari breytingum.

24. gr.

1. málsl. 4. gr. laganna verður svohljóðandi: Stjórn félagsins skal skipuð fimm fulltrúum.

VIII. KAFLI

Breyting á lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., nr. 6/1986, með síðari breytingum.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „viðkomandi umdæmi“ í fyrri málsl. 1. mgr. kemur: að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Fjallskilasamþykkt öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum nema hún hafi að geyma sérstök ákvæði um gildistöku.

26. gr.

Í stað orðsins „sauðfjársjúkdómanefnd“ í 2. mgr. 68. gr. laganna kemur: Matvælastofnun.

IX. KAFLI

Breyting á lögum nr. 38/2013 um búfjárhald, með síðari breytingum.

27. gr.

2. málsl. 4. mgr. 4. gr. hljóðar svo: Birta skal slíka samþykkt í Stjórnartíðindum að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

X. KAFLI

28. gr.

Gildistaka

Lög þessi öðlast þegar gildi, nema ákvæði 18. gr. sem öðlast gildi 1. júlí 2021.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu í samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum í því skyni að einfalda regluverk á sviði fiskeldis, matvæla og landbúnaðar. Í frumvarpinu er lagt til að starfsumhverfi í fiskeldi verði einfaldað, sérstaklega fyrir minni framleiðendur. Þá eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum á málefnasviði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem miða að því að auka skilvirkni stjórnsýslu og skýra regluverk, til hagsbóta fyrir atvinnulíf og samfélag.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Í sáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að átak verði gert í einföldun regluverks í þágu atvinnulífs og almennings og áhersla lögð á skilvirka og réttláta stjórnsýslu. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fundaði með nefnd forsætisráðherra um opinberar eftirlitsreglur vorið 2018. Á fundinum kynnti formaður nefndarinnar meðal annars gagnagrunn frá fulltrúum atvinnulífsins í nefndinni, þar sem er að finna ábendingar atvinnulífsins varðandi reglubyrði gildandi laga.

Í minnisblaði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra til ríkisstjórnar 1. júní 2018 kemur fram að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafi ákveðið að taka ábendingar og tillögur er lúta að málefnasviðum þess til skoðunar og taka afstöðu til þeirra. Jafnframt yrði leitast við að efla rafræna stjórnsýslu í samræmi við markmið sem ríkisstjórnin samþykkti 24. maí 2018. Ráðuneytið sendi í kjölfarið bréf til stofnana og stjórnvalda sem sinna verkefnum á málefnasviðum ráðuneytisins til að kanna möguleika á einföldun og aukinni skilvirkni á verklagi og regluverki þeirra málaflokka. Óskað var eftir athugasemdum hvort heldur er varðar lagasetningu eða reglugerðarbreytingar, verkferla og verklag, rafrænar lausnir og rafrænar gáttir, sem til einföldunar og bóta gæti talist að mati viðkomandi stofnana og stjórnvalda.

Hinn 15. mars 2019 héldu ráðherrar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins fund með forstöðumönnum stofnana sem heyra undir ráðuneytið þar sem heildarendurskoðun á eftirlitsreglum ráðuneytisins var kynnt. Í kjölfarið sendi ráðuneytið bréf til stofnananna þar sem fram kemur að í upphafi myndi einföldun afgreiðsluferla vegna leyfisveitinga og

bætt þjónusta við leyfisumsækjendur hafa forgang. Hinn 18. júní 2019 skipuðu ráðherrar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins stýrihóp um endurmat eftirlitsreglna sem heyra undir málefnasvið ráðuneytisins. Í stýrihópnum áttu sæti fulltrúar allra stofnana ráðuneytisins, þ.e. fulltrúar Matvælastofnunar, Ferðamálastofu, Fiskistofu, Neytendastofu, Orkustofnunar og Samkeppniseftirlitsins. Hlutverk hópsins var að taka saman tæmandi skrá yfir eftirlitsreglur ráðuneytisins, fylgja eftir staðfestum verk- og tímaáætlunum stofnana, vera vettvangur skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar og samstarfsvettvangur stofnana við tillögugerð og innleiðingu rafrænna lausna. Frumvarpið byggir að hluta á vinnu stýrihópsins um mat á eftirlitsreglum þar sem áhersla er lögð á einföldun afgreiðsluferla við leyfisveitingar og bætta þjónustu.

Vinna ráðuneytisins um einföldun regluverks á málefnasviði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra byggir á aðgerðaráætlun sem skipt er í þrjá áfanga:

- Fyrsti áfangi sneri að breytingum á ýmsum lögum um matvæli og var frumvarp þess efnis lagt fram á 150. löggjafarþingi. Frumvarpið varð að lögum 17. desember 2019. Í fyrsta áfanga fólst einnig afnám 1.242 reglugerða á sviði landbúnaðar, matvæla, sjávarútvegs og fiskeldis.
- Í öðrum áfanga voru lögð fram tvö frumvörp í apríl 2020 á Alþingi, annars vegar um breytingar á ýmsum lögum á sviði landbúnaðar og matvæla og hins vegar vegna sjávarútvegs, fiskeldis, lax- og silungsveiði, vegna einföldunar regluverks og stjórnsýslu. Með lögunum voru 33 lagabálkar felldir brott, nefndum fækkað og stjórnsýsla einfölduð.
- Í þriðja áfanga er unnið að innleiðingu tillagna til einföldunar frá stýrihópi um endurmat eftirlitsreglna og er frumvarp þetta liður í þriðja áfanga verkefnisins.

3. Meginefni frumvarpsins.

Meginefni frumvarpsins snýr að einföldun regluverks og aukinni skilvirkni stjórnsýslunnar. Með breytingum á regluverki um fiskeldi er fyrst og fremst komið til móts við minni aðila í landeldi þar sem stefnt er að því að einfalda stjórnsýslu og draga úr kostnaði. Þá eru lagðar til breytingar á lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru og lögum um innflutning dýra og náttúruverndarlögum sem snúa einnig að því að einfalda leyfisveitingaferli. Lagt er til að leyfi sem Matvælastofnun gefur út til fódurfyrirtækja sem nota aukefni eða forblöndur í fódurvörur, framleiða lyfjablandað fóður eða vinna fóður úr aukaafurðum dýra verði ótímabundin. Leyfin eru nú gefin út til 12 ára í senn. Heimild til að gefa út ótímabundin leyfi mun bæði auka skilvirkni og leiða til hagræðingar með lækkun kostnaðar fyrir eftirlitsaðila. Í frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar á regluverki um innflutning dýra sem miða að því að auka skilvirkni stjórnsýslu og einfalda ferla gagnvart umsækjendum. Aðrar breytingar frumvarpsins snúa að því að auka skilvirkni og einfalda ferla, t.d. með tilfærslu verkefna og aukinni samvinnu innan stjórnsýslunnar.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið hefur hvorki gefið sérstakt tilefni til að meta samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, né aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

5. Samráð.

Vinna við einföldun regluverks og frumvarp þetta er afrakstur víðtæks samráðs við stofnanir ráðuneytisins.

6. Mat á áhrifum.

Frumvarpið felur í sér tillögur að efnisbreytingum á gildandi rétti sem miða að því að einfalda regluverk í þágu atvinnulífs og almennings og auka skilvirkni stjórnsýslunnar. Áhrif frumvarpsins felast einkum í því að verkefni verða ýmist flutt til innan stjórnsýslunnar, einfölduð eða felld niður þannig að stjórnsýslan verði skilvirkari og markvissari. Þá verður álögum létt af atvinnulífinu með einföldun á regluverki í starfsumhverfinu og með niðurfellingu rekstrarleyfis skyldu í ákveðnum tilfellum. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er ekki gert ráð fyrir að það hafi fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð og tilflutningur verkefna rúmist innan útgjaldaramma málefna sviðs 12.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagðar til breytingar á núverandi fyrirkomulagi um skilyrði um útgáfu rekstrarleyfa til starfrækslu fiskeldisstöðva þannig að mögulegt verði að gera hluta þeirrar starfsemi skráningarskylda. Með greininni er lagt til að ný 5. gr. bætist við lögina.

Í fyrsta lagi er lagt til að ráðherra hafi heimild til að kveða á um í reglugerð að tiltekin starfsemi sé skráningarskyld í stað þess að vera rekstrarleyfis skyld. Með þessu er fyrst og fremst verið að koma til móts við minni aðila í landeldi með einföldun stjórnsýslu að leiðarljósi. Þá er einnig verið að draga úr þeim kostnaði sem þessir aðilar hafa þurft að bera í tengslum við útgáfu rekstrarleyfa. Kostnaður við útgáfu rekstrarleyfa getur numið um 50 klukkustundum eða um 477.000 kr. Áætlað er að vinna við skráningu nemi 4-5 klukkustundum eða 37.000-45.000 kr.

Dæmi um sambærilegt ákvæði í lögum er að finna í 1. og 3. mgr. 8. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Í greininni eru skilyrðin fyrir heimild ráðherra til að kveða á um skráningarskyldu þau að hámarkslífmassi í landeldi sé ekki meiri en 20 tonn á hverjum tíma og að starfsemin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Í öðru lagi er í greininni lagt til að ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð almennar kröfur, skilyrði og skilmála sem gilda eigi fyrir starfsemi og séu forsenda skráningar. Í þessu sambandi eru sérstaklega tilteknar kröfur um innra eftirlit og skýrslugjöf til Matvælastofnunar og að stofnuninni sé heimilt að framkvæma upplýsingaöflun með rafrænum hætti og skylda skráningaraðila til að skrá upplýsingar í gagnagrunn sem stofnunin leggur til. Þótt framangreindar kröfur séu sérstaklega tilteknar í greininni er hins vegar ekki um tæmandi talningu að ræða og því hægt að kveða á um ýmsar aðrar kröfur, skilyrði eða skilmála í reglugerð. Í þriðja lagi er lagt til í greininni að skráningarskyldur aðili skuli skrá starfsemi sína hjá Matvælastofnun og skuli Matvælastofnun framkvæma úttekt áður en hún hefst. Þá er sérstaklega tiltekið að óheimilt sé að flytja eldisfisk eða seiði í fiskeldisstöð fyrr en úttekt hafi farið fram. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að aðili, sem hyggst starfrækja tiltekna starfsemi, skrái fyrirhugaða starfsemi sína í þjónustugátt Matvælastofnunar. Í ferlinu fær rekstraraðilinn leiðbeiningar um hvaða

kröfur eru gerðar til fyrirhugaðrar starfsemi og þarf rekstraraðilinn að lýsa yfir að hann uppfylli þær við skráningu starfseminnar. Matvælastofnun framkvæmir úttekt á starfsemi og staðfestir skráningu í kjölfar úttektar enda hafi aðili uppfyllt öll skilyrði. Gert er ráð fyrir að rekstraraðili geti hafið starfsemi um leið og Matvælastofnun hefur staðfest skráningu að undangenginni úttekt á starfseminni.

Um 2. gr.

Með greininni er lagt til að þær aðgerðir sem kveðið er á um í 13. gr. laganna varðandi veiðar á fiski sem strjúki taki einnig til skráningarskyldra aðila skv. 5. gr.

Um 3. gr.

Í 14. gr. laga um fiskeldi er fjallað um eftirlit og skýrslugjöf. Með greininni er lagt til að 6. mgr. 14. gr. nái einnig til skráningarskyldra aðila skv. 5. gr. Þannig er lagt til að auk rekstrarleyfishafa sé skráningarskyldum aðila skv. 5. gr. eða starfsmönnum hans skylt að veita aðstoð við framkvæmd eftirlits og veita allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara og beri rekstrarleyfishafa og skráningarskyldum aðila skv. 5. gr. endurgjaldslaust að afhenda sýni sem talin eru nauðsynleg til eftirlits. Þá er einnig lagt til í 2. málsl. 6. mgr. 14. gr. að opinber eftirlitsaðili geti ákveðið að skráningarskyldur aðili skv. 5. gr. auk rekstrarleyfishafa skuli greiða allan kostnað vegna þvingunarúrræða sem framkvæmd eru samkvæmt lögum þessum og megi innheimta slíkan kostnað með fjárnámi án dóms eða sáttar.

Um 4. gr.

Með greininni er lagt til að við skráningu skuli aðili greiða tímagjald skv. gjaldskrá Matvælastofnunar vegna þess kostnaðar sem til falli við afgreiðslu skráningarinnar. Þá er lagt til að fyrir úttekt Matvælastofnunar á starfsemi skv. 5. gr. og framkvæmd eftirlits með henni skuli greitt tímagjald samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar.

Um 5. gr.

Með greininni er lagt til að við lögín bætist ný grein, 16. gr. a. Með henni er mælt fyrir um að Matvælastofnun sé heimilt að afskrá skráða starfsemi og synja um endurskráningu, verði aðili uppvís að því að vanrækja þær kröfur sem gildi um skráningu eða að brjóta að öðru leyti gegn skilyrðum og skilmálum skráningar. Jafnframt er kveðið á um að Matvælastofnun beri að senda skráningaraðila tilkynningu um tilefni afskráningar og skuli honum veittur frestur til andmæla.

Um 6. gr.

Með greininni er lagt til að ákvæði 18. gr. laganna um skaðabætur taki einnig til skráningarskyldra aðila skv. 5. gr. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 7. gr.

Með greininni er lagt til að 1. mgr. 19. gr. b. um birtingu upplýsinga úr eftirliti og framleiðslu taki einnig til skráningarskyldra aðila skv. 5. gr. Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 8. gr.

Með greininni er lagðar til breytingar á a- og b-lið 19. gr. c. þannig að greinin taki einnig til birtingar á ákvörðunum Matvælastofnunar um afskráningu og til ákvarðana um úrbætur sem unnar séu á kostnað skráningarskylds aðila.

Um 9. gr.

Með greininni er lagt til að ákvæði 21. gr. a. laganna um dagsektir taki einnig til skráningarskyldra aðila skv. 5. gr. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 10. gr.

Með greininni er lagt til að 1. mgr. 21. gr. c. laganna um starfsemi án rekstrarleyfis taki einnig til skráningarskyldra aðila skv. 5. gr. Þannig er lagt til að ef fiskeldisstöð er rekin án staðfestrar skráningar skv. 5. gr. skuli Matvælastofnun stöðva starfsemina rétt eins og henni ber að gera í þeim tilvikum sem fiskeldisstöð er rekin án gilds rekstrarleyfis.

Um 11. gr.

Með greininni er lagt til að ákvæði 21. gr. d. laganna um stjórnvaldssektir taki einnig til skráningarskyldra aðila skv. 5. gr. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 12. gr.

Með greininni er lagt til að ákvæði 22. gr. laganna um refsingar taki einnig til skráningarskyldra aðila skv. 5. gr. Greinin þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 13. gr.

Í 13.-18. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á regluverki er snýr að innflutningi dýra. Breytingarnar taka mið af tillögum frá Matvælastofnun og Umhverfisstofnun sem miða að því að samþætta stjórnsýslu, auka skilvirkni og einfalda ferla þannig að umsækjendur þurfi að sækja um leyfi til innflutnings dýra hjá einni stofnun í stað tveggja.

Með 13. gr. frumvarpsins er lagt til að Matvælastofnun verði veitt heimild til að víkja frá banni um innflutning dýra og erfðaefnis þeirra til landsins. Í gildandi lögum er kveðið á um að ráðherra geti vikið frá banninu, að fengnum meðmælum yfirdýralæknis. Breytingin miðar að því að stytta boðleiðir og gera stjórnsýslu skilvirkar. Auk þess eru breytingarnar til þess fallnar að aðilar geti fengið umfjöllun á tveimur stjórnsýslustigum þegar við á. Rétt er að áréttta að frumvarpið felur ekki í sér efnislegar breytingar til rýmkunar á reglum sem gilda um innflutning lifandi dýra.

Um 14. gr.

Ákvæðið snýr að tilflutningi verkefna frá ráðuneytinu til Matvælastofnunar. Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 15. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á ákvæði 5. gr. sem snúa að því að Matvælastofnun mun annast öflun umsagnar erfðanefndar landbúnaðarins. Aðrar breytingar á greininni snúa að samþættingu verkferla Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar, sem nánar er lýst í umfjöllun um 18. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Ákvæðið snýr að tilflutningi verkefna frá ráðuneytinu til Matvælastofnunar. Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 17. gr.

Með greininni eru lagðar til breytingar á 63. gr. náttúruverndarlaga sem miða að því að skýra nánar í hvaða tilfellum þurfi einnig að liggja fyrir leyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um innflutning dýra eða lögum um dýrasjúkdóma. Þá eru lagðar til breytingar á 3. mgr. 63. gr. til að skýra nánar hvaða gögn þurfi að fylgja umsókn.

Um 18. gr.

Í ákvæði til bráðabirgða í lögum um náttúruvernd kemur fram að endurskoða skuli XI. kafla laganna með það fyrir augum að sameina réttarheimildir um innflutning og dreifingu lífvera hjá Umhverfisstofnun og Matvælastofnun. Með bréfi, dags. 19. desember 2016 óskuðu umhverfis- og auðlindaráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið eftir tillögum Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar að nýjum IX. kafla náttúruverndarlaga. Markmið með endurskoðun kaflans er að sameina stjórnsýslu hjá Umhverfisstofnun og Matvælastofnun. Stofnanirnar skiluðu tillögum til ráðuneytanna og byggja ákvæði 13.-15. gr. frumvarpsins á þeirra tillögum.

Samkvæmt lögum um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun veitt leyfi til innflutnings á lifandi framandi lífverum. Í lögum um innflutning dýra er fjallað um leyfi til innflutnings að ákveðnum skilyrðum uppfylltum og hefur Matvælastofnun eftirlit með innflutningi dýra og plantna. Aðkoma stofnananna að veitingu innflutningsleyfa er með ólíkum hætti. Matvælastofnun metur innflutning lífvera, bæði dýra og plantna, m.t.t. smitsjúkdómahættu en Umhverfisstofnun metur áhættuna sem innflutningur kann að hafa á líffræðilega fjölbreytni og er óheimilt að veita leyfi til innflutning ef ástæða er til að ætla að innflutningur eða dreifing ógni eða hafi veruleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Þá eru tilfelli þar sem innflutningur fellur eingöngu undir náttúruverndarlög eða eingöngu undir lög um innflutning dýra. Vegna ólíkra áherslna við veitingu leyfa og sérfræðipækkingar innan stofnananna þykir nauðsynlegt að þær komi báðar að leyfisveitingarferlinu. Í nýrri 63. gr. a er því lagt til að umsóknir um innflutningsleyfi framandi lífvera skuli vera hjá Matvælastofnun. Hvor stofnun fyrir sig metur síðan hvort umsóknin falli undir ákvæði laga um innflutning dýra og laga um náttúruvernd. Telji báðar stofnanir skylt að afgreiða umsókn verða umsóknir unnar samhliða. Þegar vinnslu umsókna er lokið tilkynnir Matvælastofnun umsækjanda um niðurstöður umsóknar, en umsókn telst þá aðeins samþykkt að veittu samþykki beggja stofnana, nema önnur hvort stofnun meti umsókn svo að hún falli ekki undir gildissvið hennar. Markmið breytinganna er að umsækjendur þurfi eingöngu að eiga í samskiptum á einum stað og allar umsóknir og gögn séu sendar til Matvælastofnunar. Ferlið sé þannig einfaldað gagnvart þeim sem sækja um leyfi til innflutnings á framandi lífverum. Hvað eftirlit varðar er gert ráð fyrir að það verði í höndum þeirrar stofnunar sem setur innflutningsskilyrði.

Um 19. gr.

Hrossum sem flutt eru úr landi fylgir svokallað hestavegabréf sem staðfestir uppruna, ætterni, eiganda og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru, m.a. til að uppfylla kröfur sem innflutningslönd gera hverju sinni. Með greininni er lagt til að ekki verði kveðið á um að slík vegabréf þurfi að vera gefin út af Bændasamtökum Íslands í því augnamiði að unnt verði að fela öðrum aðilum slíka umsýslu.

Um 20. gr.

Með ákvæðinu er lagt til að ráðgjafanefnd um málefni er snerta útflutning hrossa verði lögð niður. Samkvæmt gildandi lögum er hlutverk nefndarinnar að vera samráðsvettvangur stjórnvalda og þeirra sem vinna að þeim málefnum. Nefndin hefur ekki fundað um árabil og hefur engin virkni verið í starfi nefndarinnar. Stjórnvöld hafa þó átt gott samstarf og samráð við hagsmunaaðila um málefni er varða útflutning hrossa. Því er lagt til að ráðgjafanefndin verði lögð niður en áfram verði tryggt samstarf stjórnvalda og hagsmunaaðila um málefnið, líkt og almennt gildir um samráð stjórnvalda við hagsmunaaðila á öðrum málefnasviðum.

Um 21. gr.

Með greininni er lagt til að starfsleyfi frá Matvælastofnun til fódurfyrirtækja sem nota aukefni eða forblöndur í fódurvörur, framleiða lyfjablandað fóður eða vinna fóður úr aukaafurðum dýra verði ótímabundin. Fjöldi útgefinna starfsleyfa í dag er um 106 og eru þau gefin út til 12 ára í senn. Kostnaður við útgáfu starfsleyfa er um 12.000 krónur auk tímagjalds margfaldað með þeim tímum sem fer í úttekt starfsmanna Matvælastofnunar á viðkomandi starfsstöð. Til einföldunar og hagræðingar er lagt til að starfsleyfin verði ótímabundin en Matvælastofnun verður áfram heimilt að endurskoða starfsleyfi vegna breyttra forsendna svo sem ef breytingar verða á rekstrinum, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um öryggi fódurs eða framkvæmd opinbers eftirlits með fóðri.

Um 22. gr.

Í núgildandi ákvæði er kveðið á um að framleiðendum og innflytjendum sé skylt fyrir 1. febrúar ár hvert að tilkynna til Matvælastofnunar heildarmagn innflutts og framleidds fódurs á undangengnu ári. Ekki er talin þörf á að framleiðendur og innflytjendur skili slíkum gögnum til Matvælastofnunar. Upplýsingar um innflutt fóður liggja hjá tollayfirvöldum sem skila slíkum upplýsingum til Hagstofunnar. Er því ekki talin þörf á því að innflutningsaðilar tilkynni innflutning sérstaklega til Matvælastofnunar.

Um 23. gr.

Með greininni er lagt til að ráðherra skipi í fagráð um velferð dýra. Samkvæmt núgildandi ákvæði staðfestir ráðherra skipan ráðsins en aðrir fulltrúar en formaður eru skipaðir af Bændasamtökum Íslands, Dýralæknafélagi Íslands, Dýraverndunarsambandi Íslands og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Skipanir hafa í nokkrum tilfellum dregist sem hefur leitt til þess að tafir hafa orðið á afgreiðslu mála hjá nefndinni en nefndin veitir meðal annars umsagnir um leyfi til dýratilrauna þar sem ríkir hagsmunir eru undir í að málshraði sé sem stystur. Með vísan til hlutverks nefndarinnar þykir einnig eðlilegra að ráðherra skipi nefndina með hliðsjón af þeim faglegu þáttum sem þarf að líta til á málefnasviðinu. Þar af leiðandi er lagt til að gildandi ákvæði verði breytt og ráðherra skipi

fagráð um velferð dýra. Gert er ráð fyrir að almennt verði leitað til þeirra aðila sem nefndir eru í gildandi lagaákvæði en til að tryggja skilvirka stjórnsýslu verði unnt að leita til annarra aðila með fagþekkingu á málefnasviðinu og því ekki lögð til tæmandi talning hvað það varðar.

Um 24. gr.

Með greininni er lagt til að stjórn Matvælarannsóknna hf. Verði skipuð fimm fulltrúum í stað sjö líkt og nógildandi ákvæði kveður á um. Ekki er talin þörf á að stjórnin sé eins fjölmenn og hún er í dag en algengt er að þrír til fimm aðilar skipi stjórn félaga. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu og skipar í stjórn þess.

Um 25. gr.

Með greininni er lagt til að fjallskilasamþykktir öðlist gildi við birtingu en með þessu er lagt til að stjórnir fjallskilaumdæma (héraðsnefnd/sveitarstjórn eða eftir atvikum sveitarstjórnir sameiginlega) annist sjálfar birtingu samþykktu þessara. Þá er um leið lagt til að ákvæði falli brott um að ráðuneytið skuli gæta þess að ákvæði þeirra fari eigi í bága við lög (lögmatiseftirlit). Til eru samþykktir um fjallskil og afréttarmálefni í flestum héruðum landsins, þar sem sameignarafréttum eða upprekstrarheimalöndum er til að dreifa. Yfirlit um gildandi fjallskilasamþykktir eru í landsmarkaskrá sem ráðuneytið gefur út og voru 7 slíkar samþykktir yfirfarnar, staðfestar og birtar af ráðuneytinu á árunum 2012–2018. Þá er jafnframt lagt til að leitað verði formlegrar umsagnar Bændasamtaka Íslands um drög að fjallskilasamþykktum.

Um 26. gr.

Með greininni er lagt til að verkefni svonefndrar sauðfjársjúkdómanefndar verði færð til Matvælastofnunar sem sinnir málefnum sem áður féllu til nefndarinnar þ.m.t. vörnum gegn sauðfjársjúkdómum og viðhaldi varnarlína.

Um 27. gr.

Með greininni er lagt til að búfjársamþykktir öðlist gildi við birtingu og að sveitarstjórnir annist sjálfar birtingu samþykktanna að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands. Samkvæmt nógildandi ákvæði staðfestir ráðherra slíka samþykkt að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands og birtir í Stjórnartíðindum en til að einfalda ferlið er lagt til að þessi aðkoma ráðherra sé lögð af og umsýslan lögð í hendur sveitarstjórnanna.

Um 28. gr.

Lagt er til að lögín öðlist þegar gildi, með þeirri undantekningu að 18. gr. sem kveður á um fækkun í stjórn Matvælarannsóknna ohf. öðlist gildi eftir næsta aðalfund félagsins. Samkvæmt samþykktum hlutafélagsins skal aðalfundur haldinn fyrir lok júní ár hvert og er gert ráð fyrir að ný fimm manna stjórn verði skipuð á næsta aðalfundi félagsins og taki til starfa 1. júlí 2020.